



GRÆNNI SKÓGAR I

Öflugt skógræktarnám

- fyrir skógarbændur og fróðleiksfúsa skógræktendur

Grænni skógar I er heiti öflugs skógræktarnáms sem að þessu sinni er boðið fróðleiksfúsum skógræktendum á Suður- og Vesturlandi, sem vilja ná hámarksárangri í skógrækt. Námið er í raun 16 námskeið og þar af eru 13 skyldunámskeið. Fyrstu námskeiðin verða kennd á vorönn 2009 og þau síðustu haustið 2011. Að meðaltali eru 2,5 námskeið á önn.

Hvert námskeið stendur í tvo daga. Kennsla hefst kl. 16 á föstudögum og lýkur kl. 19. Á laugardögum er byrjað kl. 9 og kennt til kl. 16. Fjallað verður um mörg af grunnatriðum skógræktar m.a. um val á trjátegundum, undirbúning lands fyrir skógrækt, uppeldi og gróðursetningu skógarplantna, skógarumhirðu, skjólbelti, svo eitthvað sé nefnt.

Björgvin Örn Eggertsson verkefnisstjóri Grænni skóga gefur einnig upplýsingar í síma 433-5305 bjorgvin@lbhi.is

Landbúnaðarháskóli Íslands sér um skipulag námsins í samstarfi við **Suðurlandsskóga, Vesturlandsskóga, félag skógarbænda á Suðurlandi og Vesturlandi, Skógrækt ríkisins**

og **Landgræðslu ríkisins**. Aðeins er hægt að taka 30 þátttakendur í Grænni skóga I. Þeir, sem ljúka 80 % af skyldunámskeiðunum, fá námið metið til eininga á framhaldsskólastigi.

Skráningarfrestur er til 20. mars.

SUÐURLAND

Nánari upplýsingar og skráning hjá Suðurlandsskógum í síma 480 1824 (Hrönn)
hronn@sudskogur.is

VESTURLAND

Nánari upplýsingar og skráning hjá Vesturlandsskógum í síma 433 7054 (Guðmundur).
gudmundur@vestskogur.is

Það borgar sig að bóka sem fyrst! Þrjátíu pláss eru fljót að fyllast!